

Ráðgjafarnefnd um villt dýr

Umhverfisnefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 11. desember 2002

Umsögn um frumvarp vegna Umhverfisstofnunar.

Frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna Umhverfisstofnunar var lagt fram á Alþingi þann 29. nóvember síðastliðinn. Ráðgjafarnefnd um villt dýr fjallaði um drög að þessu frumvarpi að því er varðar breytingar á lögum nr. 64/1994 á fundi sínum 9. september sl., (Fylgiskjal 1) og lagði þá til ýmsar breytingar á þeim drögum. Síðan hefur nefndin ítrekað óskað eftir því við ráðuneytið að fá frumvarpsdrögin í heild sinni til umsagnar en ráðuneytið sá sér ekki fært að verða við þeim óskum. Ráðherra mælti fyrir frumvarpinu 3. desember sl. og daginn eftir mætti formaður Ráðgjafarnefndar um villt dýr á fund umhverfisnefndar til að gefa snöggsóðið álit á frumvarpinu. Þar lagði hann fram fyrra álit nefndarinnar og ítrekaði þá skoðun nefndarmanna að halda bæri í nefndina sem samráðsveitvang, þrátt fyrir að stjórnýslu og þar með hlutverki nefndarinnar yrði breytt. Hann vakti einnig athygli á því að ýmsu hefði verið breytt í upphaflegum drögum í samræmi við óskir nefndarinnar.

Frumvarpið var tekið til umfjöllunar á fundi ráðgjafarnefndar um villt dýr 9. desember sl. Fjölmargar athugasemdir komu fram á fundinum um efni frumvarpsins að því er lýtur að breytingum á lögum nr. 64/1994. Nefndarmenn bentu á að töluvert misræmi væri milli margra lagagreina, meðal annars er varðar verkskiptingu þeirra aðila er ætlað er að taka yfir ráðgjafarhlutverki nefndarinnar. Einnig var það einróma álit nefndarinnar að frumvarpið þyrfti að fá ítarlega umfjöllun í nefnd en ekki flýtafgreiðslu á síðustu dögum þingtímans. Meðal efnislegra athugasemda sem fram komu:

- Bæta á Fuglaverndarfélagi Íslands í upptalningu á þeim aðilum sem ráðuneytinu er ætlað að ráðfæra sig við, sbr. 35. gr.
- Misræmi er í 37. gr. miðað við gömlu lögin.
- Í 42. gr. þarf að nefna bæði Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun í tengslum við minkinn.

Nefndin mælir með því að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað fram yfir þinghlé og unnið betur.


Vitðingarfyllst,


Ingá Dagmar Karlsdóttir, starfsmaður

Fylgiskjal 1. (Umsögn um frumvarp vegna aðgerða til verndunar rjúpu)

- Nauðsynlegt er að breyta reglugerðum þar sem við á og fela Umhverfisstofnun verkefni sem nú eru á könnu ráðuneytis, svo sem að veita leyfi til ljósmyndunar á sjaldgæfum fuglum við hreiður.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, consisting of a series of fluid, connected strokes that form a stylized representation of the name Kristinn Haukur Skarphéðinsson.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, formaður Ráðgjafarnefndar um villt dýr.

Umhverfisstofnun
Vonarstræti 4
150 Reykjavík

Reykjavík 10. október 2002

Drög að frumvarpi um breytingar á lögum vegna Umhverfisstofnunar

Vísað er í erindi ráðuneytisins dags. 1. október 2002 þar sem óskað er eftir umsögn nefndarinnar á tillögum starfshóps um lagabreytingar vegna verkefna Umhverfisstofnunarinnar. Þessar tillögur voru lítillaga ræddar á síðasta fundi og einnig þær á góma á 70. fundi. Formanni voru auk þess kynntar þessar hugmyndir í byrjun september og hefur hann gert grein fyrir sinni afstöðu með tölvubréfi 8. september sl.

Tillögur starfshópsins fjalla um nauðsynlegar breytingar á allmörgum lögum. Hér verður einungis fjallað um breytingar sem lagðar eru til á lögum nr. 64/1994. Helstu breytingar eru þær að embætti veiðistjóra, Náttúruvernd ríkisins, Hollustuverndar, Dýraverndarráðs, Hreindýraráðs og Ráðgjafarnefnd um villt dýr verða lögð niður og að hlutverk þessara aðila flutt til Umhverfisstofnunar. Nokkuð af verkefnum ráðuneytisins er varða leyfisveitingar og undanþágur munu einnig flytjast til Umhverfisstofnunar samkvæmt tillögum starfshópsins. Þó er gert ráð fyrir að undanþágur frá friðunarákvæðum verði áfram á könnu ráðuneytisins, sbr 31. gr. Helstu athugasemdir við drögin eru þessi:

- Ráðgjafarnefnd um villt dýr telur til bóta að einfalda stjórnslu er varða afgreiðslu undanþagna og leyfa. Nefndin telur að stíga eigi þetta skref til fulls og fela Umhverfisstofnun að afgreiða einnig þau mál sem fjallað er um í 31. gr. frumvarpsdraganna.
- Ráðgjafarnefnd um villt dýr er mótfallin því að leggja nefndina niður, þótt starfssviði hennar verði breitt. Nefndin er mikilvægur vettvangur frjálsra félagasamtaka og hagsmunahópa til að hafa stefnumótandi áhrif á ýmis málefni er varða villt dýr á Íslandi. Er það í samræmi við Árósasamninginn og fleiri alþjóðleg viðmið og skyldur. Því telur nefndin að halda eigi í þennan formlega samráðsvettvang. Þá telur nefndin nauðsynlegt fyrir Umhverfisstofnun að hafa nefndina til aðstoðar við úrlausn mála meðan starfsemi hennar er að taka á sig mynd.
- Nefndin telur óeðlilegt að ekki sé gert ráð fyrir formlegu ráðgjafarhlutverki Náttúrufræðistofnunar sem hefur lögboðið hlutverk varðandi rannsóknir á villtum dýrum.

